



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Samantekt umsagna vegna umræðuskjals nr. 2/2015

### Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

1. Arion Banka
2. Félagi löggiltra endurskoðenda
3. Landsamtökum lífeyrissjóða
4. Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins
5. Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga
6. Samtökum fjármálafyrirtækja
7. Viðalagtryggingum Íslands
8. Price Water House Cooper

Umsagnir aðila sem óska eftir trúnaði er ekki að finna í þessari samantekt. Umræðuskjal nr. 2/2015 varð að leiðbeinandi tilmælum nr. 4/2015 um samskipti Fjármálaeftirlitsins og ytri endurskoðenda eftirlitsskyldra aðila sem jafnframt eru einingar tengdar almannahagsmunum

| Nr. | Nafn umsagnaraðila        | Tilvísun          | Umsögn   |
|-----|---------------------------|-------------------|--|
| 1   | Landsamtök lífeyrissjóða  | Almenn athugasemd | <p>Vísað er til bréfa landssamtaka lífeyrissjóða (LL) til Fjármálaeftirlitsins (FME) frá 14. Nóvember 2014 og 13. Febrúar 2015 þar sem helstu sjónarmið LL koma fram auk þess sem vísað er til umræðna á fundi um málið sem fram fór þann 2. mars sl. Á fyrrgreindum fundi aðila koma m.a. fram að umrædd tilmæli væru einkum samin með fjáramálafyrirtæki í huga og að FME áformaði ekki frekari efnisbreytingar á þeim. Eigi að síður varð niðurstaða fundarins sú að LL tæki saman helstu ábendingar sem eru eftirfarandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Verði niðurstaðan sú að FME setji ekki sérstök tilmæli um samskipti FME við ytri endurskoðenda (YE) lífeyrissjóða þá verði þess getið með skýrum hætti í inngangi tilmælanna að þau séu einkum sniðin að fjármálafyrirtækjum</li> <li>• Raktar verði í inngangi tilmælanna ástæður þess að tilmælin nái til annarra aðila en fjármálafyrirtækja og aða tiltekið verið með hvaða hætti þeim samskiptum skuli háttað. Sérstaklega er varðar forsendur á vali aðila sem koma til skoðunar hverju sinni og ytri kynningu FME á þeim.</li> <li>• FME eigi árlega fundi með YE lífeyrissjóða þar sem til umræðu yrðu helstu áhættur og ytra umhverfi sjóðanna, áherslur FM á hverjum tíma við eftirlit með starfsemi lífeyrissjóða og ábendingar og áherslur sem komið hafa fram í skýrslum YE til FME</li> <li>• Lögð er áhersla á mikilvægi þess að formaður endurskoðunarnefndar eigi rétt til setu á fundum FME með YE</li> </ul> <p>Að lokum vilja LL ítreka þakkir fyrir að hafa haft tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri við umrædd drög að tilmælum um samskipti FME og YE, umræðuskjal nr. 2/2005</p> |
| 2   | Samtök fjármálafyrirtækja | Almenn athugasemd | <p>Með bréfi, dags. 23. febrúar 2015, bárust almennar athugasemdir SFF við tilmælunum.</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. SFF leggja til að í tilmælunum verði tekið fram með skýrum hætti að viðkomandi eftirlitsskyldum aðila skuli gefinn kostur á að tilnefna fulltrúa sinn á fundunum. Sá fulltrúi kæmi þá til viðbótar formanni endurskoðunarnefndar viðkomandi fyrirtækis</li> <li>2. SFF leggja til að tilmælin taki gildi á sama tíma og reglur Evrópusambandsins verða innleiddar í Evrópu.</li> <li>3. SFF mótmælir því að sett verði ákvæði í ráðningarbréf milli YE og EA um að farið skuli eftir tilmælunum.</li> </ol> <p>SFF mótmælir þeim aukna kostnaði sem þetta mun hafa í för með sér fyrir EA</p>   |

|   |   |                   |   |
|---|---|-------------------|---|
| 3 | Félagi löggiltra endurskoðenda  | Almenn athugasemd | Samkvæmt bréfi frá FME þann 3.febrúar 2015 er óskað eftir umsögn félagsins við drög að leiðbeinandi tilmælum um samskipti FME við ytri endurskoðendur tiltekinna eininga tengdum almannahagsmunum. Endurskoðunarnefnd og Álitsnefnd félagsins tóku málið til umfjöllunar og er umsögn félagsins grundvöllum á þeirra ábendingum.  |
| 4 | Viðlagatrygging Íslands   | Almenn athugasemd | <p>Fyrst ber að geta þess að það er mat endurskoðunarnefndar Viðlagatryggingar Íslands að svo virðist að tilmælin séu fyrst og fremst hönnuð fyrir bankastarfsemi en henti síður fyrir starfsemi váttryggingarfélaganna.</p> <p>Mikilvægt er að nýta það tækifæri sem innleiðing tilmæla nr. 2/2015 leiðir af sér, varðandi formfestingu á hlutverki endurskoðunarnefnda. Með athugasemdum sem settar eru fram við lið 2.2 er tryggt að formenn endurskoðunarnefnda hafi ávallt aðkomu að fundum FME og ytri endurskoðenda og séu þannig aðilar að umræðum og hafi tækifæri til ábendinga og athugasemda á fundum FME með ytri endurskoðendum við upphaf og lok ytri endurskoðunar.</p>   |
| 5 | Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins<br><br>Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga | Almenn umsögn     | <p>Tilmælin eiga ekki að ganga lengra en reglugerð Evrópusambandsins. Markmið með þessum tilmælum er að efla, bæta og formfesta samskipti á milli eftirlitsstjórnvalda og ytri endurskoðenda eftirlitsskyldra aðila. Um er að ræða a.m.k. tvo fundi við upphaf og lok endurskoðunar ársreikninga með ítarlegri dagskrá en hægt er að túlka þær fyrirætlanir sem ákveðið vantraust á gæði vinnu endurskoðenda og eftirlitsins. Það er ljóst að þessi tilmæli kalla á viðbótarvinnu hjá báðum aðilum við undirbúning og setu fundanna sem kallar á viðbótarútgjöld sem nauðsynlegt er að kostnaðameta.</p> <p>Við einingar sem tengdar eru almenningshagsmunum eru starfandi innri endurskoðendur, ráðnir ytri endurskoðendur og starfandi endurskoðunarnefndir sem hafa m.a. eftirlit með störfum ytri endurskoðenda. Skýrslum innri og ytri endurskoðenda er skilað til FME. Einnig er rétt að benda á að endurskoðendur sem annast endurskoðun framangreinda eininga sæta gæðaeftirliti Endurskoðunarráðs eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti en skoða má hvort ekki væri kostur að samþætta eða samnýta það eftirlit með FME.</p> |

|   |                                |           |   |
|---|--------------------------------|-----------|---|
| 6 | Félagi löggiltra endurskoðenda | Inngangur | <p>Eins og fram kemur í innganginum þá gaf Basel nefndin út leiðbeiningar um endurskoðun banka í mars 2014 og jafnframt gaf Evrópusambandið út nýja reglugerð um sértækar kröfur um endurskoðun félaga tengd almannahagsmunum ( 537/2014) sem mun taka gildi í júní 2016. Í 12. grein EU reglugerðarinnar er m.a. fjallað um mikilvægi þess og lögð áhersla á að virk samskipti séu á milli ytri endurskoðenda og eftirlitsaðila fjármálastofnana og tryggingarfélaganna án þess að lagðar séu ákveðnar línur hvernig þeim skuli háttað.</p> <p>Basel leiðbeiningarnar frá í mars 2014 fjalla aftur á móti með mjög ítarlegum hætti um ábyrgð og hlutverk endurskoðunarnefnda banka, samskipti eftirlitsaðila við ytri endurskoðendur sem og við Endurskoðendaráð (audit oversight body).</p> <p>FLE vill koma því á framfæri að það fagnar slíkum leiðbeiningum og að almennt munu þær verða til bóta og auka samskipti milli ytri endurskoðenda og FME. FLE vill aftur á móti vekja athygli á að framangreindar Basel leiðbeiningar lúta m.a. að samskiptum ytri endurskoðenda banka og eftirlitsaðila en ekki að eftirlitsskyldum aðilum samkvæmt 2. grein laga nr. 87/1998 eins og fram kemur í drögum FME um samskiptaviðmið. Það er því mikilvægt að það komi skýrt fram fyrir hvaða eftirlitsskylda aðila samskiptaviðmiðin eigi að gilda. FLE telur því eðlilegra að yfirskrift slíkra tilmæta vísi beint til banka eins og Basel leiðbeiningarnar gera í stað þess að vísa til tiltekinna eininga tengdum almannahagsmunum og þurfa svo að draga úr hinu víðtæka gildissviði tilmælanna, eins og gert er í inngangi. Í þessu samhengi má benda á að í inngangi FME er ýmist talað um „eftirlitsskylda aðila sem jafnframt eru einingar tengdar almannahagsmunum“, „einingar tengdar almennahagsmunum“, „aðila ofarlega í áhrifavægisflokkun FME“ og í umfjöllun um BIS leiðbeiningarnar er vísað til atriða sem falla utan tilkynningarskyldu og skuli koma á framfæri óbeint í gegnum „bankann“ eða upplýsa FME með vitneskju „bankans“. Allar þessar skilgreiningar eiga meira og minna við um mismunandi félög og geta því valdið misskilningi hvað eigi við hvaða félag og hvort þessi leiðbeinandi tilmæli FME gildi fyrir.</p> <p>Jafnframt vill FLE vekja athygli á að FME hefur kosið að fjalla sérstaklega um og leggja nú fram drög að samskiptaviðmiðum við ytri endurskoðendur. Í Basel leiðbeiningunum er ekki síður lögð mikil áhersla á hlutverk endurskoðunarnefnda sem og samskipti FME við Endurskoðendaráð (sem annast m.a. gæðaeftirlit með eftirlitsskyldum aðilum) og vill FLE því varpa því fram hvort ekki sé ástæða til fyrir FME að skoða jafnframt þau tilmæli.</p> <p>Einnig telur FLE mikilvægt að horfa enn frekar til EU reglugerðarinnar (537/2014) og þá ekki eingöngu hvað varðar tilmælin í 12. grein heldur einnig strangari ákvæði varðandi gæðaeftirlit með félögum tengdum almannahagsmunum, en víða í nágrannalöndum okkar er slíkt eftirlit á hendi fjármálaeftirlits viðkomandi landa. Í ljósi þessa og ekki síður þar sem tilskipun EU mun ekki taka gildi fyrr en í júní 2016 telur FLE heppilegast að horft verði heilstætt til Basel leiðbeininganna frá því í mars 2014 sem og EU reglugerðarinnar þannig að þær leiðbeiningar sem og samskiptaviðmið taki ekki gildi fyrr en við innleiðingu</p> |
|---|--------------------------------|-----------|---|

|   |  |           |   |
|---|--|-----------|---|
|   |  |           | <p>tilskipunar EU. Hefur FLE þá sérstaklega í huga með hvaða hætti stjórnvöld hafa í huga að koma fyrir gæðaeftirliti með störfum endurskoðenda þannig að FME geti sett fram sínar reglur varðandi samskipti við ytri endurskoðendur í ljósi þess sem og við Endurskoðendaráð eins og Basel leiðbeiningarnar fjalla um.</p> <p>Í þessu samhengi vill FLE vill jafnframt koma á framfæri áhyggjum sínum að þessi drög að leiðbeinandi tilmælum gætu hugsanlega stangast á við ákvæði núgildandi laga um endurskoðendur hvað varðar þagnarskyldu endurskoðenda. FLE telur að upplýst samþykki á miðlun upplýsinga verði að öllu jöfnu að liggja fyrir af hendi hins eftirlitsskylda aðila til að ytri endurskoðandi geti óhindrað tjáð sig um málefni endurskoðunar við Fjármálaeftirlitið. Því þá ætla að það sé ástæða þess að FME telji nauðsynlegt að kveða á um þessi samskipti í ráðningarbréfi milli ytri endurskoðandans og viðkomandi fjármálafyrirtækis líkt og grein 1.5 gerir ráð fyrir. FLE telur samt sem áður að núgildandi lagaumhverfi heimili ytri endurskoðendum ekki að ræða málefni endurskoðunar með þeim hætti og líst er í þessum drögum að samskiptaviðmiðunum ef fjármálafyrirtækið leggst gegn því.</p> <p>FLE vill því leggja ríka áherslu á framangreindar óskir sínar um að Basel leiðbeiningarnar í heild sinni verði skoðaðar samhliða innleiðingu EU reglugerðarinnar (regulation 537/2014) sem og EU leiðbeininganna (directive 56/2014) sem íslenskum stjórnvöldum ber að innleiða í júní 2016.</p> <p>Hugsanleg leiðbeinandi tilmæli um samskiptareglur FME og ytri endurskoðenda verði því ekki lögð fram fyrr en fyrir liggja lagabreytingar á störfum endurskoðenda sem augljóslega þarf að gera við innleiðingu EU tilskipunarinnar þannig að leiðbeinandi reglur FME eigi samleið og hljómgrunn með nýjum lögum.</p> |
| 7 | <p>Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins</p> <p>Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga</p> | Inngangur | <p>Eins og fram kemur í innganginum gerir ný reglugerð Evrópusambandsins nr. 537/2014 sérstakar kröfur til lögbundinnar endurskoðunar eininga tengdum almannahagsmunum, en þar er kveðið á um skilvirk og árangursrík samskipti eftirlitsstjórnvalda og ytri endurskoðenda lánastofnana og váttryggingafélaga. Jafnframt er kveðið á um að EBA (European Banking Authority) og EIOPA (European Insurance and Occupational Pensions Authority) skuli gefa út leiðbeiningar um samskipti og samstarf eftirlitsstjórnvalda og ytri endurskoðenda. Í ljósi þess að ekki er talin þörf á reglulegum samskiptum við ytri endurskoðendur nema þeirra sem teljast ofarlega í áhrifavægisflokkun eftirlitsins er óeðlilegt að gildissvið tilmælanna sé víðtækara en reglugerðin segir til um. Ekki verður komið auga á að þörf sé á þessari viðbót við hið ítarlega eftirlit sem þegar er haft með lífeyrissjóðum í formi endurskoðunarvinnu, þ.e. innri og ytri endurskoðun og endurskoðunarnefnd en að lágmarki þyrfti rökstuðningur fyrir því að þörf sé á þessari viðbót að liggja fyrir með skýrari hætti en nú er.</p>   |

|   |                               |      |   |
|---|-------------------------------|------|---|
| 8 | Arion banki                   | 1.1. | <p>Arion banka þykir ákvæði um gildissvið tilmælanna óljós og mótsagnakennd. Í grein 1 segir að tilmælin nái til fyrirtækja sem falla undir eftirlit FME á grundvelli tiltekinna laga. Í grein 1.6 segir síðan að FME mælist til þess að þeir aðilar sem falla undir gildissvið tilmælanna fari í einu og öllu eftir efni þeirra en rökstyðji ella "með ítarlegum og málefnalegum hætti" hvers vegna svo sé ekki.</p> <p>Þegar II. kafli tilmælanna er skoðaður, þar sem er að finna efnisleg ákvæði tilmælanna, kemur síðan í ljós að engar skyldur eru lagðar á þá aðila sem tilmælin eiga að taka til samkvæmt 1. grein tilmælanna, heldur er eingöngu fjallað um hvernig fundir milli FME og ytri endurskoðenda eigi að fara fram og um hvað eigi að ræða.</p> <p>Í ljósi þess að tilmælin taka efnislega til samskipta FME og ytri endurskoðenda þykir mótsagnakennt að þau taki til fyrirtækja sem falla undir eftirlit FME, sbr. að ofan. Miklu eðlilegra væri að ákvæði um efni tilmælanna og gildissvið þeirra væru samræmd þannig að þau tæki til ytri endurskoðenda eftirlitsskyldra aðila en ekki til hinna eftirlitsskyldu aðila sem slíkra.</p> <p>Einnig verður ekki séð hvernig FME getur lagt þær kröfur á eftirlitsskylda aðila, sbr. grein 1.6, að fara eftir efni þeirra þegar þau taka efnislega ekki til þeirra.</p> <p>Því er lagt til að gildissvið tilmælanna verður breytt og þau látin taka til endurskoðenda eftirlitsskyldra aðila. Með því móti væru tilmælin einnig í samræmi við 2. másl. 2. mgr. 12. gr. reglugerð 537/2014. Í 1. másl. málsgreinarinnar segir að samtal eigi að eiga sér stað á milli eftirlitsaðila og ytri endurskoðenda og í 2. másl. segir „The responsibility for compliance with this requirement shall rest with both parties to the dialogue.“</p> <p>Samkvæmt þessu ákvæði í reglugerðinni er sérstaklega tiltekið að ábyrgð á samtali milli eftirlitsaðila og endurskoðenda að formi til og efni hvíli á þeim aðilum. Með öðrum orðum er verið að segja að ábyrgð á þessu samtali hvíli ekki á viðkomandi eftirlitsskylda aðila.</p> <p>Í ljósi þessa er lagt til að grein 1.1 verði orðuð þannig að hún taki til aðila sem hafa með höndum endurskoðun á þeim aðilum sem falla undir hugtakið eining tengd almannahagsmunum.</p> |
| 9 | Félag löggiltra endurskoðenda | 1.1  | <p>Tilmælin ættu eingöngu að ná til fjármálastofnana (banka) og tryggingarfélaga eins og EU tilskipunin og Basel leiðbeiningarnar og EU tilskipunin gerir ráð fyrir, og fjallað er um í innganginum hér að framan.</p>  |

|    |   |        |   |
|----|---|--------|---|
| 10 | Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins<br>Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga | 1.1    | Óeðlilegt að ganga lengra en reglugerðin  |
| 11 | Viðlagatrygging Íslands   | 1.1.1  | [Hér mætti koma fram "þá eftirlitsskyldu aðila sem fyrirhugað er að funda um" hverju sinni, eða á hverju ári eða eitthvað slíkt, þannig að ljóst sé að listinn sé breytilegur ár frá ári, en ekki bara upptalning á öllum endurskoðendum eftirlitsskyldra aðila]  |
| 12 | Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins<br>Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga | 1.1.1. | Sjá 1.1.  |
| 13 | Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins<br>Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga | 1.2    | Endurskoðendur eiga að endurskoða í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla þannig að vinna þeirra kemur ekki til með að breytast við þessi tilmæli.   |
| 14 | Arion banki   | 1.5    | <p>Í þessu ákvæði mælist FME til að aðilar sem falla undir gildissvið tilmælanna hafi ákvæði í ráðningarbréfi ytri endurskoðanda sem gerir ráð fyrir að fylgt sé samskiptaviðmiðum sem fram koma í tilmælunum. Vegna þessa skal bent á að samskipti fjármálafyrirtækja og endurskoðenda eru byggð á tvíhliða samningum. Í þeim er samið um vinnuframlag endurskoðenda og með skýrum hætti tiltekið hvaða verkefni endurskoðendur eigi að inna af hendi sem þeir fá greiðslu fyrir.</p> <p>Ef fjármálafyrirtæki verður við tilmælum FME er ljóst að fjármálafyrirtæki verða að bera kostnað vegna fundar ytri endurskoðanda með FME. Arion banki telur að FME hafi ekki lagaheimild til að mæla fyrir um fjármálafyrirtækjum beri að bera þann kostnað sem hlýst að fundum ytri endurskoðenda með FME.</p> <p>Einnig telur Arion banki varasamt að FME sé að mælast til að ákvæði sem þetta sé sett inn í samning fjármálafyrirtækja. Ástæðan er sú að það vart í anda góðra stjórnsýsluhátta að</p> |

|    |                               |      |   |
|----|-------------------------------|------|---|
|    |                               |      | <p>mælast til einhvers þegar lagaheimild til að krefjast þess sama er ekki fyrir hendi. Einkum í ljósi þess að þessi tilmæli, eins og segir í grein 1.7, geta orðið grundvöllur krafna um úrbætur.</p> <p>Einnig má benda á að þessi tilmæli ganga gegn skýrri verkaskiptingu á þessu samtali samkvæmt reglugerð nr. 537/2014. Þar segir, eins og bent er á hér að ofan, að ábyrgð á samtali milli eftirlitsaðila og endurskoðenda að formi og efni hvíli á þeim aðilum, en ekki viðkomandi eftirlitsskyldum aðila.</p> |
| 15 | Félag löggiltra endurskoðanda | 1.5  | Vísum til umfjöllunar hér að framan í innganginum hvað varðar þagnarskyldu endurskoðanda.   |
| 16 | Arion banki                   | 1.6  | Við þetta ákvæði vill Arion banki ítreka þá skoðun sína samræmt verði gildissvið tilmælanna og efni þeirra. Eins og tilmælin eru nú uppbyggð stenst sá samanburður ekki skoðun.   |
| 17 | Arion banki                   | 2.1  | Spurning vaknar hvað átt sé við með hugtakinu "fastir" fundir. Ekki verður séð að þetta orð bæti neinu við efni setningarinnar og er því mælt til þess að orðið "fastir" verði sleppt úr henni.   |
| 18 | Arion banki                   | 2.2  | Arion banki telur ótækt annað en að starfsmaður hins eftirlitsskylda aðila sækji fundina. Í ljósi þess að fundirnir eru hugsaðir til þess að FME geti aflað enn frekari upplýsinga um hinn eftirlitsskylda aðila hlýtur aðkoma formanns endurskoðunarnefndar að vera nauðsynleg á hverjum fundi. Því er lagt til að ákvæðinu verði breytt þannig að fulltrúi endurskoðunarnefndar hins eftirlitsskylda aðila, eða fulltrúi hans, sækji alla fundina.  |
| 19 | Viðlagatr.                    | 2.2. | [Fundina skulu að jafnaði sækja ábyrgðarmaður Fjármálaeftirlitsins gagnvart viðkomandi eftirlitsskyldum aðila, sérfræðingur Fjármálaeftirlitsins með sérþekkingu á reikningshaldi og endurskoðun ásamt ytri endurskoðanda og formanni endurskoðunarnefndar viðkomandi eftirlitsskylds aðila og verkefnisstjóra hans. ]  |



|    |   |       |  |
|----|---|-------|--|
| 20 | Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins<br>Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga | 2.2.  | Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með störfum ytri endurskoðenda og því eðlilegt að hann sitji þessa fundi.  |
| 21 | Félagi löggiltra endurskoðenda  | 2.2.1 | Hér segir "Fulltrúar Fjármálaeftirlitsins og ytri endurskoðandi" . Leggjum til að hér segi "Fulltrúar Fjármálaeftirlitsins og/eða ytri endurskoðandi"<br>Þannig getur hvor aðili um sig óskað eftir að formaður endurskoðunarnefndar sækji fundi. Ekki er talið eðlilegt að samþykki beggja þurfi til eins og orðalagið ber með sér. |
| 22 | Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins<br>Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga | 2.2.1 | Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með störfum ytri endurskoðenda og því eðlilegt að hann sitji þessa fundi.  |
| 23 | Arion banki   | 2.3.1 | Hér er gerð athugasemd við orðanotkun. Varla er ætlast til þess að tengsl fundarmanna séu opin og uppbyggileg. Líklega er átt við að samtalið eigi að vera opið og uppbyggilegt. Lagt er til að þetta orðalag verði lagað.   |
| 24 | Viðlagatrygging Íslands   | 4.1   | [Setning óskýr.... Leggjum til eftirfarandi breytingu: "Miðað er við að fundur sé haldinn við lok endurskoðunar, áður en áritun ársreiknings fer fram en þegar drög að ársreikningi liggja fyrir. Þá skal farið yfir þætti sem snerta niðurstöður og framkvæmd endurskoðunar og eftirlits."  |